

## Reglugjörð

### fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil.

#### I. KAFLI.

##### *Um stjórn fjárskilamála.*

##### 1. gr.

Eyjafjarðarsýsla er eitt fjárskilafjelag, sem sýslunefndin skiftir í deildir, eftir því, sem landi hagar og fjöll eða vatnsföll deila.

Yfirstjórn allra fjelagsdeildanna hefur sýslunefndin á hendi, samkvæmt sveitarstjórnarlögunum 10. nóv. 1905, en hreppsnefndir hafa á hendi alla stjórn og framkvæmd í fjárskilamálum, innbyrðis í deildunum.

##### 2. gr.

Nú eru tveir eða fleiri hreppar sameinaðir í eina deild, og hefur þá hver hreppsnefnd tjeð störf á hendi fyrir sinn hrepp, en stendur í sambandi við hinar aðrar hreppsnefndir í þeirri deild, eftir því sem reglugjörð þessi mælir fyrir.

##### 3. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann úr sínum flokki, til að hafa yfirstjórn og umsjón allra fjárskilamála í hreppnum og nefnist hann fjárskilastjóri. Hann skal vera sjálfur við aðalrjett í hvert sinn, sem þar er rjettað, nema gild forföll banni. Setur hann þá hæfan mann í sinn stað með fullu umboði. Ennfremur ber honum að útnefna rjettarstjóra við þær aukarjettir, sem kunna að vera í hans fjallskilaumdæmi.

##### 4. gr.

Hver hreppsnefnd skal árlega útnefna einn gangnaforingja fyrir hvert gangnasvæði, sem hún á yfir að ráða.

Enginn getur skorast undan að vera gangnaforingi þrjú ár í senn, nema að hann sanni, að hann sje ófær til þess sökum elli eða heilsuleysis.

##### 5. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sjerstaka fjárskilabók, staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Í hana skal rita alt, sem gerist um fjárskilamál í hreppnum.

Sýslunefndin getur heimtað eftirrit af fjárskilabókinni, hvenær sem með þarf.

#### II. KAFLI.

##### *Um afrjetti.*

##### 6. gr.

Alt land skiftist í afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem áður hafa verið. Hreppsnefnd getur tekið upp nýja afrjetti, breytt takmörkum afrjetta og lagt til þeirra heimalönd eða landshluta einstakra jarða með samþykki landeiganda, umráðamanns og sýslunefndar.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá yfir þá afrjetti, með tölu og ummerkjum, er hún hefur umsjón með, og skal rita hana í fjárskilabók hreppsins. Þessar skrár skal senda sýslunefnd, er sjer um, að þær sjeu innfærðar í eina bók. 62  
7. júní

## 7. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að gangast fyrir því, hverri í sínum hreppi, að gerð sje sveitarsamþykkt um það, að notuð skuli heimalönd til upprekstrar fyrir sauðfje; skal í samþykktinni skýrt tekið fram, hver þau lönd sjeu og tala þess fjár, er í þau má reka. Má enginn nota eða leyfa öðrum að nota ógirt heimaland sitt til upprekstrar, nema það sje þannig heimilað með gildandi sveitarsamþykkt. samþyktri af eigendum og umráðamönnum og staðfestri af sýslunefnd, ella tvígjaldi hann fjártolla grönnum þeim, sem lönd eiga að landi hans.

Nú liggja saman heimalönd hreppa, er menn vilja nota til upprekstrar, og geta þá hlutaðeigandi hreppsnefndir gert sameiginlega samþykkt um notkun þeirra.

Heimalönd þau, sem heimild er fyrir að nota til upprekstrar, skal skoða sem afrjetti, að því er göngur snertir, enda sjeu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeiganda sjálfum.

## 8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera ákvörðun um, hve margt sauðfje, stóðhross og nautgripi má reka á hvern afrjett, sem heyrir undir stjórn hennar. Sje eigandi eða umráðamaður afrjettar óánægður með ákvörðunina, er honum heimilt, að skjóta máli sínu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á það.

Nú telur hreppsnefnd of margt fje rekið á aðliggjandi utansveitar afrjett, getur hún þá skotið því atriði til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, náist eigi samkomulag við umráðanda afrjettarins.

## III. KAFLI.

*Um smölun sauðfjár á vorin.*

## 9. gr.

Hreppsnefndin skipar fyrir um smölun sauðfjár á vorin, bæði í heimalöndum og afrjettum hreppsins.

Hver, sem jörð hefur til ábúðar, afrjettarnot eða afrjettarumráð, er skyldur að taka þátt í vorsmölun eftir því, sem hreppsnefnd þess hrepps, er land liggur í, ákveður.

Sama skylda hvílir á fjáreigendum með öll fjárskil að vori sem hausti.

## 10. gr.

Ef tveir eða fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfjelagi, skulu vorgöngur á afrjetti ákveðnar af hreppsnefndum upprekstrarfjelagsins í sameiningu.

## 11. gr.

Nú finst órúíð fje eftir að samanrekstrar og rúningur er afstaðinn, ber þá finnanda 50 aurar fyrir að rýja kind og 30 aurar fyrir að marka lamb. Skal hann gera eiganda full skil á ullinni og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefur rúíð eða markað,

## IV. KAFLI.

*Um rekstur til afrjetta og fyrirstöðu.*

## 12. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að dilkar og geldfje — þegar það er komið úr ullu, — sje rekið til afrjetta svo tímanlega á vorin, sem árferði og önnur atvik leyfa.

Heimilt er þó að hafa sauðfje í eyjum og fjárheldum girðingum yfir sumarið.

Aður en fráfernalömbum er slept í upprekstrarland, skal setja þau ekki skemur en en þrjá daga. Reka skal í miðjan afrjett, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið.

## 13. gr.

Eigandi eða umráðamaður afrjettar er skyldur að sjá um fyrirstöðu afrjettarfjár. Allir þeir, sem elga frjálsan upprekstur á almenninga, skulu kjósa einn mann úr sínum flokki, sem hafi umsjón með afrjettinum, og komi fram gaguvert hreppsnefnd og öðrum, að öllu leyti, sem aðrir afrjettareigendur. Skylt er þeim, sem næstir búa afrjetti, að varna því eftir föngum, að fje renni af afrjettum í heimahaga manna og ber þeim þóknun fyrir frá umsjónarmanni afrjetta. Komi þeir sjer ekki saman, ákveður hreppsnefnd gjaldið, þó má skjóta úrskurði hennar til sýslunefndar.

Ef hreppsnefnd verður vör við, eða berst umkvörtun um það, að afrjettarfje gangi í heimahögum manna; skal hún þá tafarlaust, ef henni líst þess þörf, gefa út skipun um, að því sje smalað. Skal svo hagað smölun og rekstri, að eigi verði mein að. Reka skal á þann afrjett eða afrjetti, sem hreppsnefnd ákveður. Sannist það hvar fyrirstaða hefur verið vanrækt, ber fjártakanda að bera kostnað þann, er af smöluninni leiðir, annars greiðist hann úr viðkomandi sveitarsjóði, eða sveitarsjóðum.

## 14. gr.

Hver eigandi eða umráðamaður upprekstrarlands, er skyldur til að gefa hlutaðeigandi hreppsnefnd — í síðasta lagi fyrir miðsumar ár hvert, — skýrslu um það, hverjir noti afrjetti eða upprekstrarland hans það sumar, og fyrir hve margt fje

Eigendum eða umráðamönnum afrjetta ber að láta innansveita- og þar næst innan-sýslumenn sitja fyrir utansýslubúum með upprekstur fjár í afrjetti, enda sje komin beiðni um það, fyrir miðjan maímánuð ár hvert.

## V. KAFLI.

*Um fjárskil.*

## 15. gr.

Enginn fjáreigandi, sem löglega er sjálfs sín, eða býr á jarðarhundraðum, getur skorast undan að gera gangnaskil, eftir niðurjöfnun hreppsnefndar.

Nú á einhver utansveitarmaður afrjett í hreppnum; skal hann þá gera þar gangnaskil eftir ráðstöfun viðkomandi hreppsnefndar.

Bágstöddum einyrkjum og heilsulitlum má hreppsnefnd veita undanþágu frá göngum. Húsbændur annast fjárskil vegna hjúa sinna.

## 16. gr.

62

Nú á einhver að gera fjárskil í öðrum hreppi, en hann er búsettur í, og skal þá 7. júní hreppsnefndin, þar sem hann á heima, senda hreppsnefnd þeirri, er hlut á að máli, skýrslu um fjáreign hans eftir vorframtali.

Ef tveir eða fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfjelagi, skulu haustgöngur á af-rjetti ákveðnar, af hreppsnefndum upprekstrarfjelagsins, í sameiningu.

## 17. gr.

Hreppsnefnd kveður menn til gangna nægum tíma áður en göngur byrja, skal hún taka fram, hvað hverjum ber að leggja til fjárskila það haust og hverjir eru gangaforingjar á hverju svæði.

Sá er gildur gangnamaður, sem gangnaforingi og helmingur gangnamanna með hon-um tekur gildan. Nú verður einhver gangnamanna sannur að óhlýðni eða hirðuleysi, skal það álitid sem gangnarof og varðar sektum.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjárskil, sem á hann hafa skiftst, eða leggur ógild-an mann til fjárskila og er honum það sjálfrátt, þá varðar það sektum og margfaldast ef brotið er ítrekað.

## 18. gr.

Þrennar skulu löggöngur á hausti hverju. Löggöngur skulu byrja í hverju afrjettar-fjelagi fyrir sig þá daga, er venja er til (Mánudaginn í 22. viku sumars). Þó getur hrepps-nefnd ákveðið aðra ganguadaga með samþykki hreppsþúa og sýslunefndar.

## 19. gr.

Gangnaforingi skal jafnan vera í göngum, nema lögmæt forföll banni, og setur hann þá fullkominn mann í sinn stað. Skipar hann fyrir um það, hvernig göngum skal haga. Óhlýðnist gangnamenn skipun gangnaforingja, varðar það sektum.

## 20. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um, að söfnin sjeu rekin tafarlaust og með reglu til rjetta. Þegar á rjett er komið, skulu þeir kveðja til svo marga menn, sem með þarf til þess að gæta safnsins, þar til rjettarstjóri hefur tekið við því.

## 21. gr.

Ef fje festist í ógöngum, skal sá, er finnur það, tafarlaust skýra hlutaðeigandi gangna-foringja frá því, ef það er um fjárskilatíma, en afrjettarbónda eða hlutaðeigandi hreppsnefnd að öðrum kosti. Er þeim skylt svo fljótt, sem unt er, að gera tilraun að bjarga því. Kostn-aður sá, er slík björgun hefur í för með sjer, greiðist eftir mati hreppsnefndar af eiganda ef hann finst, en annars úr sveitarsjóði.

## VI. KAFLI.

*Um hreinsun heimalanda.*

## 22. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimalönd sín eftir skipun hreppsnefndar.

62

23. gr.

7. júní

Skyldir eru allir búendur, að hirða fje það, sem finst í heimalöndum eftir að fjárskilum er lokið og reka það tafarlaust til næsta bæjar, þá leið, sem það á að ganga.

Nú kemur fjárrekstur til manns bæ frá bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust þá leið, sem hann á að ganga, nema kvöld sje komið eða óveður, svo eigi þyki fært að reka fjeð bæja á milli. Skal þá beita fjenu eða gefa hey ella, uns fært er að reka það. Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum.

## VII. KAFLI.

*Um rjettir og rjettahöld.*

24. gr.

Aðalrjettir og aukarjettir skulu vera þær sömu og nú eru. Nú þykir þörf á að fjölga fjárrjettum eða færa þær af þeirra fyrri stöðvum á annan hentugri stað; skal þá hreppsnefnd sú er hlut á að máli bera það — á almennum sveitarfundi — undir atkvæði fjáreiganda í hreppnum og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum. Sje um aðalrjett að ræða, skal auk þess leita samþykkis sýslunefndar. Skyldur er hver að leggja land til undir fjárrjett og hleðsluefni í hana, valdi það ekki skemdum á yrktu landi. Sanngjarna þóknun úr sveitarsjóði ber landeiganda fyrir jarðrask og átroðning, eftir mati tveggja óvilhallra manna, sem sýslumaður útnefnir, ef samkomulag ekki næst.

25. gr.

Það er skylda allra fjáreiganda, að byggja fjárrjettir og nægilega marga dilka í sameiningu og viðhalda þeim svo sem þörf er á.

Skulu þeir leggja þar til skylduvinnu eftir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður. Ef einhver vinnur eigi þá skylduvinnu að fjárrjettum og dilkum, er á hann skiftist, getur hreppsnefnd latið gera það á kostnað hans. Dilkrúm skal vanalega fylgja jörð þeirri, er það hefir fylgt, eins þó ábúendaskifti verði. Að öðru leyti ráði rjettarstjóri dilkrúmi hvers eins.

26. gr.

Rjettarstjóri skal vera kominn til rjettar svo snemma, sem þörf gerist hvern rjettar-dag. Skipar hann fyrir um hvernig fjárdrætti skal haga í rjettinni og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega alt slark og óreglu, sem miðar til að hindra starf manna á rjettinni.

27. gr.

Hver aukarjett heyrir undir einhverja aðalrjett, og skal þar jafnan rjettað næsta dag á undan aðalrjett þeirri, sem hún heyrir undir. Skal úrtíningsfje úr aukarjettum rekið til aðalrjettar af mönnum sem hreppsnefndin hefir útnefnt til þess. Fjárskilastjóri kveður hæfilega marga menn til þess, að koma til aðalrjettar, árdegis þann dag, sem úrtíningsfje er greitt sundur, þar skulu þeir í öllu vera háðir stjórn fjárskilastjóra.

Euginn má reka burtu úr rjett fyrir en úrtíningur er upp dreginn, nema fjárskilastjóri leyfi. Fjárskilastjóri hefir einn öll umráð á rjettar- og dilkrúmi aðalrjettardaga. Öll óhlýðni og þrjóska við fjárskilastjóra varðar sektum.

## 28. gr.

62

Jafnan skal draga sundur fje í aðalrjettum eftir markaskrá og í aukarjettum, þar 7. júní sem þörf er á.

Í eða við almennar fjárrjettir að hausti til, má enginn blóðmarka kind, án samþykkis rjettarstjóra.

Ómerkinga skal draga í sjerstakan dilk undir eftirliti rjettarstjóra, og skal öllum gefinn kostur á að leiða þangað lambamæður til að helga sjer lamb sitt.

Ómerkinga þá, sem enginn finnst eigandi að, ber að fara með sem annað óskilafje.

## VIII. KAFLI.

*Um hirðing fjár í utanhreppsrjettum.*

## 29. gr.

Nokkru á undan fyrstu löggöngum á hausti hverju skal hreppsnefnd kveðja svo marga menn, sem þarf til þess að sækja fje hreppsþúa í utanhreppsrjettir. skulu sendimenn þessir taka fjeð, reka það tafarlaust heim í hreppinn og ganga þar frá því samkvæmt ráðstöfun hreppsnefndar.

## IX. KAFLI.

*Um óskilafje.*

## 30. gr.

Fje það, sem kemur fyrir á haustum og ekki finst eigandi að, skal ganga til fjárskilastjóra og hirðir hann það sem sitt eigið fje til hausthreppaskila. Þar skal það seljast við uppboð þó með því skilyrði ef eigandi gefur sig fram innan hálf mánaðar frá söludegi, sje honum heimilt að fá eign sína, ef hann borgar allan áfallinn kostnað. Fje því, sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa með mörkum, lit, aldri og einkennum þegar eftir uppboðið og senda sýslumanni lýsinguna til birtingar í »Lögbirtingarblaðinu«. Hafi enginn lýst sig eiganda að fjenu áður 6 mánuðir eru liðnir frá prentun auglýsingarinnar, fellur verð þess í sveitarsjóð að frádregnum kostnaði.

Afeyrðar kindur, eða með svo skemdum mörkum, að enginn geti helgað sjer, skal farið með sem eigendalaust fje, og má bjóða það upp ásamt ómerkingum að afstöðnum rjettum.

## 31. gr.

Í hreppi hverjum skal hreppstjóri útnefna tvo menn til að dæma um mörk á óskilafje, sem selt er. Verði ágreiningur um mörkin sker hreppstjóri úr.

62 Nú ætlar einhver að hann eigi kind, sem þannig er seld, skal þá dómnefndin úr-  
7. júní skurða um eignarjett hans á kindinni.

Vilji hann ekki hlíta þeim úrskurði getur hann skotið honum til dómstólanna.

### 32. gr.

Gæslukaup fyrir kindur þær, sem ekki spyrjast uppi í þriðju göngum, má eigi herra vera en 10 aurar um sólarhring hvern, og borgist það þegar eigandi vitjar fjárins, eða það er selt, annars er gæslumaður ekki skyldur að sleppa fjenu, þó má fjárskilastjóri hækka gjald þetta fyrir fje úr öðrum sýslum til jafnaðnr móts við samskonar gjöld í þeim.

## X. KAFLI.

### *Um eftirleitir.*

### 33. gr.

Eigi síðar en viku eftir að löggöngum er lokið, skal hreppsnefndin láta gera eftirleit á afrjettum hreppsins

Þegar eftirleit þessari er lokið, skal hverjum heimilt að gera enn eftirleit, ef hreppsnefnd leyfir. Nú finnur einhver fje í eftirleit, skal hann þá fá 4 krónur fyrir hverja óheimta kind, og 2 kr. fyrir hverja þá kind, sem áður hefur verið helmt. Heimilt er þó hreppsnefndum að hækka fundarlaunin fyrir fje úr öðrum sýslum, þó eigi meira, en þar er tekið í fundarlaun. Fyrir fje, sem finst í heimalöndum, skal engin fundarlaun greiða.

Nú sjest fje enn í afrjettum, eftir að eftirleitum er lokið, skal þá tafarlaust skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd frá því, og er henni þá skylt að sjá um, að fjenu verði bjargað.

## XI. KAFLI.

### *Um fjármörk.*

### 34. gr.

Hver maður skal auðkenna fje sitt með glöggu marki á eyrum, en ef það er soramarkað, þá brennimerkja það á hornum. Einnig skal brennimerkja sauðfje með hreppsbrenni-  
mörkum á vinstra horn og sjeu þau þannig — eftir röð og tölu hreppanna — E. 1, E. 2 o. s. frv.

Enginn fjáreigandi má eiga fleiri mörk en tvö.

### 35. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna fimta hvert ár og útbýta eftir þörfum.

Nú flytur einhver inn í sýsluna, skal hann þá auglýsa mark sitt hreppsnefndum

sýslunnar. Þeir, sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að með fje þeirra verði farið sem óskilafje.

62  
7. júní

## XII. KAFLI.

### *Um sölu fjárrekstra.*

#### 36. gr.

Hverjum fjárrekstri, sem rekinn er til sölustaðar, skulu fylgja nægilega margir og dugandi menn.

Ávalt þegar rekstrarmenn eru fleiri en einn, skal einn vera yfirmaður þeirra, útnefndur af eigendum fjárins. Ber hann ábyrgð á því, að rekstur hans gangi að öllu leyti vel og reglulega, og ábyrgð gagnvart þeim, er kynnu að kæra til skaðabóta einhver afbrot rekstrarmanna, en hann á aftur aðgang að samrekstarmönnunum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni, er brýtur, ef brotið er svo vaxið, að það heyrir undir almennu hegningarlög.

#### 37. gr.

Alt fje í sölurekstrum, skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum, er sjeu svo glögg, að þau sjáist tilskýndar í hjörtu, og svo traust, að þau máist ekki af, þó að votviðri gangi.

Skulu rekstrarmenn gæta þess nákvæmlega, að engin kind, sem merkt er rekstrarmarki þeirra, glatist úr rekstrinum, og að engin kind með öðru merki eða ómerkt slæðist inn í hann.

Ef fje heldur sig meðfram vegi, þar sem sölurekstur fer um, mega rekstrarmenn ekki siga hundum á það, heldur aðeins beina því frá með gætni, þannig, að það styggist sem minst.

Nú sannast það, að einhver hafi beðið tjón af sölurekstri, skal þá formaður rekstrarannast um skaðabætur til hlutaðeiganda, eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

## XIII. KAFLI.

### *Um stóðhross og nautgripi.*

#### 38. gr.

Hver, sem á stóðhross eða trippi, er skyldur að reka þau á afrjett, ekki síðar en 8 vikur af sumri, nema ótíð og gróðurleysi banni og varðar sektum, ef útaf er brugðið. Þó er búendum heimilt, að hafa veturgömum trippi sín í heimahögum, sem ganga undir mæðrum sínum, enda sjeu þær hafðar til brúkunar og í rækilegri gæslu. Sömuleiðis er búendum heimilt, að hafa trippi sín heima á sumrum, þó eldri sjeu, ef þeir hafa þau í gripaheldum girðingum. Reynist girðingin ótrygg, skal tafarlaust reka trippin til afrjettar

Eigandi eða umráðandi afrjetta, sem hefur trippi á þeim, er skyldur að sjá um nægilega fyrirstöðu að viðlögðum sektum. Nú vanrækir hann þá skyldu sína, skal þá hrepps-

62 nefnd skyld að útvega nægilega fyrirstöðu á hans kostnað. Eigandi eða umráðamaður afrjettar, skal senda hreppsnefndinni áður en tíu vikur eru af sumri, lýsingu af öllum þeim trippum, sem hann hefur undir höndum, með mörkum, lit, aldri og einkennum.

## 39. gr.

Nú ganga trippi samt á sumrum úr afrjettum og í heimalönd manna, geta þá þeir, er fyrir ágangi verða, tekið þau í gæslu og gert eigendum eða umráðamönnum afrjettarins, eða þeim, sem fyrirstöðu hafa á hendi, áðvart, áður en 2 sólarhringar eru liðnir, um að útleysa þau gegn gæslukaupi, alt að 50 aurum um sólarhringinn, fyrir hvert hross. Auk þess skal og borga ómakslaun fyrir tilkynning. Gjald þetta skal greitt um leið og hrossanna er vitjað, annars er gæslumaður ekki skyldur að afhenda þau. Vitji eigendur eða umráðamenn eigi hrossa sinna innan þriggja sólarhringa frá tilkynning, skal farið með þau sem annað óskilafje.

Gangi nú stóðhross af utansýsluafriettum á afrjetti eða í heimalönd sýslunnar, getur hreppsnefnd sú, sem hlut á að máli, kært yfir því til sýslunefndar eða oddvita hennar. Skal þá sýslunefndin eða oddviti hennar avo fljótt sem við verður komið, semja við nágrannasýsluna um, að áganginum verði afstýrt. Náist ekki slukur samningur, eða sje hann brotinn, má taka ágangshrossin í hald, hvenær sem er að sumrinu og fara með þau samkvæmt 42. gr.

## 40. gr.

Ef tryppi koma fyrir í heimalöndum á vorin eða sumrin, sem ekki finst eigandi að, skal þá farið með þau sem annað óskilafje.

## 41. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal gjöra ráðstafanir til þess, að stóðhrossum sé smalað af afrjettum og heimalöndum áður en löggöngum er lokið, og dregin sundur í rjettum.

## 42. gr.

Með óskilahross og tryppi, sem eftir verða við rjettir og koma fyrir af fjallöndum eða í byggðum eftir rjettir, skal fara með sem annað óskilafje, nema hrossin skulu seljast með þriggja vikna auglýsingarfresti fyrir söludag. Nú þarf að hafa þau í vöktun, og má þá vöktunargjald hvers um sig vera alt að 50 aurar um sólarhring, nema í húsi og á heygjöf þurfi að vera.

## 43. gr.

Hver sem á graðneyti eldra en ársgamalt, er skyldur að hafa það í gripheldri girðingu, eða á annan hátt í öruggri gæslu yfir allan útigöngutíma þess að sumrinu, nema hreppsnefnd og nábúar leyfi, að öðruvísi sje; þessi ákvæði ná eigi til þeirra héraða, er sett hafa löggiltar samþykktir um kynbætur nautgripa.

Brot móti þessu varða sektum og skaðabótum ef tjóni veldur,

## XIV. KAFLA.

*Almenn ákvæði.*62  
7. júní

## 44. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli breppsnefnda út af fjárskilamálum. Ennfremur geta einstakir meun komið sjer saman um, að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

## 45. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 200 kr. eftir málavöxtum, og renna þær í sveitarsjóð þess hrepp þar sem brotið er framið.

## 46. gr.

Mál sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

## 47. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi I. til XII. og XIV. kafli reglugjörðar fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur, fjárskil og melrakkaveiðar frá 14. júní 1910 og reglugjörð um viðauka og breytingar frá henni frá 2. sept. 1916.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júlí 1921.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 7. júní 1921.**

**Pjetur Jónsson.**

---

*Oddur Hermannsson,*